



1. september. 2023
Tilv.: 2308121

Dreifibréf nr.: 44/2023
til eftirlitsskyldra aðila

Efni: Breyting á framkvæmd vettvangsathugana

Vettvangsathuganir eru mikilvægur þáttur í eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands með eftirlitsskyldum aðilum. Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að gera breytingar á úrbótafasa við framkvæmd vettvangsathugana.

Framkvæmd vettvangsathugana er skipt í fjóra hluta: undirbúningsfasa, rannsóknarfasa, skýrslufasa og úrbótafasa. Fyrri framkvæmd hefur verið sú að í úrbótafasa hafa aðilar fengið afhenta lokaskýrslu sem síðan hefur verið tekin til frekari skoðunar hjá öðrum deildum eftirlitsins og eftir atvikum tekin bindandi ákvörðun gagnvart hinum eftirlitsskylda aðila, úrbótakröfur settar fram og honum tilkynnt um ákvörðunina.

Breytingarnar sem um ræðir fela í sér að í þeim tilvikum þegar tekin er bindandi ákvörðun gagnvart eftirlitsskyldum aðila mun ákvörðunarbréf framvegis fylgja lokaskýrslu vettvangsathugana þar sem úrbótakröfur eru settar fram. Markmiðið með breytingunum er að samræma úrbótaferli og stytta málsmeðferðartíma vettvangsathugana.

Fjármálaeftirlitið bendir að á [heimasíðu](#) þess er birtur almennur leiðarvísir um hvernig eftirlitið framkvæmir vettvangsathuganir og hefur hann verið uppfærður til samræmis við ofangreint. Geta eftirlitsskyldir aðilar meðal annars litið til leiðarvísisins varðandi upplýsingar um starfshætti fjármálaeftirlitsins og þær heimildir sem eftirlitið hefur þegar það framkvæmir vettvangsathuganir.

Fyrirhugaðar breytingar á framkvæmd vettvangsathugana taka til athugana sem hefjast eftir 1. september 2023. Eldra verklag gildir því um athuganir sem eru þegar hafnar.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Finnur Tryggvi Sigurjónsson
forstöðumaður
háttsemiseftirlit

SEÐLABANKI ÍSLANDS

